



Minnisblað

Deiliskipulag við Vatnsendahæð

Kópavogur, 2. desember 2022

Málsnúmer 2011714

Til: Skipulagfulltrúa

Frá: Velferðarsviði Kópavogs

Efni: Velferðarvið óskar eftir byggingu á sjö íbúða kjarna fyrir fatlað fólk í nýju hverfi á Vatnsendahæð

Kópavogsbær hefur frá árinu 2011 séð um rekstur íbúðakjarna og sambýla fyrir fatlað fólk og staðið að uppbyggingu á húsnæði í takt við fjölgun bæjarbúa. Í dag eru tíu heimili víðsvegar um bæinn, sex íbúðarkjarnar og fjögur herbergjasambýli bæði í nýjum og eldri hverfum.

Árið 2014 samþykkti Kópavogsbær 12 ára áætlun um uppbyggingu á félagslegu húsnæði fyrir fatlað fólk, til ársins 2026. Frá þeim tíma hafa verið byggðir tveir kjarnar, sex íbúða kjarni í Austurkór 3b sem tekin var í notkun 2015 og sjö íbúða kjarni við Fossvogsbrún 2 sem tekin í notkun í byrjun árs 2020. Samhliða byggingu kjarnans í Austurkór var byggður fjögurra íbúða kjarni með félagslegu húsnæði en íbúar þar fá þjónustu frá kjarnanum í 3b. Þá eru að hefjast framkvæmdir við sjö íbúða kjarna í Kleifakór sem áætlað er að verði tekin í notkun á árinu 2024.

Í dag eru 19 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði með sólarhringsþjónustu en verða 15 þegar búið verður að úthluta í nýjan kjarna við Kleifakór. Á næstu árum má gera ráð fyrir nýgengi umsókna eftir félagslegu húsnæði í kjarna, að jafnaði einni til tveimur umsóknum á ári, allt að 10 umsóknir til næstu fimm ára. Því þarf að huga að frekari uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlað fólk til að vinna á biðlista og mæta nýgengi. Einnig þarf að hafa til hliðsjónar tillögur starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um gerð áætlunar sveitarfélaga við að leggja niður herbergjasambýli.

Velferðarsvið Kópavogs óskar eftir að í nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahæð verði gert ráð fyrir sjö íbúða kjarna fyrir fatlað fólk, auk starfmannaaðstöðu. Gera þarf ráð fyrir í deiliskipulagi, lóð sem er um það bil 2.500 m² að stærð með möguleika á allt að 15 bílastæðum sem rýmir um 550-600 m² byggingu fyrir sjö íbúðakjarna auk starfsmannaaðstöðu á einni hæð. Mikilvægt er að huga að algildri hönnun á útisvæðum og aðkomu.

Virðingarfallst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
deildarstjóri í málefnum fatlaðs fólk